

Nr. 21-088 S 056 Karen ÍS 75**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7337
Smíðaður: Bátasmiðja Guðm, 1991, trefjaplast.
Útgerð: Útgerðarfélagið Sómi ehf.
Stærð: 7,00 brl. 5,85 bt.
Mesta lengd: 8,73 m *Skráð lengd:* 8,57 m
Breidd: 2,57 m *Dýpt:* 1,70 m
Vél: Volvo Penta, 119 kW, 1993
Fjöldi skipverja: 1



Eva©Hafþór Heiðarsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. ágúst 2021 var Karen ÍS 75 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: 1 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Kobbí Láka dró Karen til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að strekkjarahjól fyrir reimadrifið framan á vélinni brotnaði með þeim afleiðingum að vélin hætti að drífa áfram rafala og kælidælu;
- að vélin ofhitnaði og kælivatnið fór af henni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.